

Borgarbyggð
Drífa Gústafsdóttir
Borgarbraut 14
300 Borgarnes

Reykjavík, 4. maí 2022
UST202203-313/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022, breyting á deiliskipulagi og nýtt deiliskipulag - Urriðáárland

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Borgarbyggðar er barst 24. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022, breytingar á deiliskipulagi og nýtt deiliskipulag (við Klettastíg og Birkistíg) fyrir Urriðáárland.

Í greinargerð kemur fram að breytingin á aðalskipulaginu gengur út á að breyta landnotkun í landi Urriðáár úr landbúnaði í frístundabyggð. Um er að ræða stækkun á frístundabyggð F11, núverandi stærð er 11,4 ha, en stækkar um 12 ha og verður í heild sinni 23,4 ha að stærð. Breytingin á deiliskipulaginu gerir ráð fyrir breytingum á legu Klettastígs og tengingu hans við Snæfellsveg. Í tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir svæðið sem nær til Klettastígs og Birkistígs er gert ráð fyrir 15 frístundalóðum á 9,4 ha svæði. Auk þess kemur fram að hámarksbyggingarmagn er 185 m² á hverri lóð.

Forsendur

Umhverfisstofnun bendir á að í greinargerð gildandi aðalskipulags sveitarfélagsins (bls. 59) segir: „*Stefna skal að því að halda í þau votlendissvæði sem enn er óraskað og endurheimt votlendis er heimil hvarvetna í sveitarfélaginu.*“ Auk þess segir: „*Votlendi hefur mikilvægt gildi þar sem það hefur afgerandi áhrif á hringrás vatns- og næringarefna, ásamt því að auka við líffræðilega fjölbreytni viðkomandi svæðis.*“

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tillögurnar séu í samræmi við gildandi skipulag.

Loftslagsmál

Umhverfisstofnun vill benda á aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum¹ sem er hugsuð sem tæki sem stjórnvöld geta notað til að draga úr notkun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi til að tryggja að Ísland nái markmiðum Parísarsamningsins og kolefnishlutleysi árið 2040.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að uppfærð útgáfa kom út í júní 2020 og er hún áætlun um aðgerðir íslenskra stjórnvalda til að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda til 2030.

¹ <https://www.stjornarradid.is/verkefni/umhverfi-og-natturuvernd/loftslagsmal/adgerdaaetlun-i-loftslagsmalum/>



UMHVERFIS

STOFNUN

Eitt að markmiðum stefnunnar er að vernda og endurheimta skóg- og votlendi

Votlendi og birkiskógur

Í greinargerð aðalskipulagsbreytingarinnar kemur fram að votlendi, sem fellur undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, hefur þegar verið raskað á skipulagssvæðinu með skurðgreftri og uppbyggingu frístundabyggðar. Auk þess er fyrirhugað að breyta deiliskipulagi fyrir skipulagssvæðið þar sem gert er ráð fyrir nýjum aðkomuvegi að Snæfellsvegi sem mun liggja í gegnum votlendissvæðið og raska því. Einnig kemur fram að landeigandi hafi áhuga á áframhaldandi stækkun á frístundasvæðinu og er þessi breyting fyrsta skrefið í þá átt.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að líta á umhverfisáhrif aðalskipulagsbreytingarinnar í samhengi við deiliskipulagsbreytinguna og framtíðaruppbyggingu frístundabyggðar á svæðinu.

Í aðal- og deiliskipulagsbreytingunni kemur fram að mikilvægt sé að halda öllu raski á votlendi í lágmarki og í hinu nýja deiliskipulagi segir að lögð sé áhersla á að raska svæðum sem njóta sérstakrar verndar sem minnst.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tillögurnar séu í samræmi við ákvæði náttúruverndarlaga, en í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruvæðingabæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Að mati Umhverfisstofnunar mun frekari uppbygging raska votlendi. Umhverfisstofnun bendir á að í tillögunni koma ekki fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæti röskun á votlendi.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um votlendið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir.

Umhverfisstofnun bendir því á mikilvægi þess að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi og/ eða birkiskógum sé fjallað um og bornir saman aðrir staðsetningarvalkostir fyrir nýja frístundabyggð í sveitarfélaginu.

Í greinargerð kemur einnig fram að innan skipulagssvæðisins vex birkiskógur. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að markmið laga nr. 33/2019 um skóga og skógrækt er að vernda náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra. Náttúruskógur er skilgreindur skv. lögnum þar sem land, a.m.k. 0,5 ha. að flatarmáli, þar sem sjálfsánar, innlendar trjátegundir, þ.e. ilmbjörk, reyniviður, blæösp, gulvíðir eða loðvíðir, eru ríkjandi og ná a.m.k. tveggja metra hæð fullvaxnar og a.m.k. 10% krónuþekju.

Umhverfisstofnun bendir á að Skógræktin hefur það hlutverk að skilgreina og kortleggja náttúrulega birkiskóga sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga og því mikilvægt að fá úttekt og álit Skógræktarinnar á birkiskógi á svæðinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta

sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur